

Samgöngustefna

Í samræmi við skilgreint hlutverk Samgöngustofu skv. 1. gr. laga nr. 119/2012 er markmið Samgöngustofu að stuðla að öryggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Samgöngustofa vill leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfi og heilsu starfsfólks stofnunarinnar sem og allra landsmanna. Samgöngustofa vill sýna gott fordæmi og efla vitund fólks um vistvænar samgöngur. Einnig hvetur Samgöngustofa alla til að sýna fyrirmyndar hegðun í umferðinni.

Leiðir

- Starfsfólk er hvatt til að nota almenningssamgöngur eða vistvænan ferðamáta til og frá vinnu að minnsta kosti þrisvar í viku.
- Samgöngustofa hvetur starfsfólk til að taka strætó, ganga eða hjóla til og frá vinnu. Starfsfólk sem að jafnaði notar slíkan vistvænan samgöngumáta fær greiddan útlagðan kostnað skv. reikningi, t.d. vegna hlífðarfatnaðar, þó að hámarki 63.900 kr. árlega.
- Persónubundinn árlegur styrkur verður 63.900 kr. Hann er t.d. hægt að nota upp í Samgöngukort frá Strætó bs. (Verð kortsins jafngildir 9 mánaða tímabilskortu en gildir í 12 mánuði með milligöngu Samgöngustofu. Kortið kostar 63.900 kr. og þarf að greiða með kreditkortu, á því er mynd af handhafa og merki Samgöngustofu).
- Framtíðarsýn er að geta boðið upp á góða aðstöðu á vinnustað fyrir þá sem stunda vistvænar samgöngur, t.d. með góðu fatahengi, sturtu og traustu hjólastæði.
- Starfsfólk notar bíla í eigu stofnunarinnar, strætisvagna eða leigubíla til að fara á fundi ef það hentar. Stofnunin kaupir staka miða í strætó fyrir ferðir á vinnutíma. Þá hvetur stofnunin starfsmenn til að nýta tækjabúnað og halda fjarfundu þegar hægt er.
- Starfsfólk skal samnýta ferðir á vinnutíma eins og kostur er.
- Þegar pantaðir eru leigu- eða bílaleigubílar skal óskað eftir vistvænum bílum.
- Stofnunin skal við bílakaup huga að eldsneytisgjafa og hafa hag umhverfisins í huga.
- Stofnunin hvetur starfsfólk til að fjölga síma- og fjarfundum eins og kostur er.
- Samgöngustofa hvetur starfsfólk til að prufa fleiri en einn samgöngumáta til að ferðast til og frá vinnu og leggur þannig áherslu á fjölbreytileika samgangna.
- Fyrir það starfsfólk sem að jafnaði notar vistvænan samgöngumáta greiðir stofnunin leigubílakostnað í neyðartilvikum á vinnutíma, t.d. vegna veikinda barna.
- Samgöngustofa leggur sérstaka áherslu á lög og reglur um fyrirmyndahegðun þeirra sem stýra ökutækjum, skipum og flugvélum. Ölvun undir stýri skal aldrei líðast og starfsfólk Samgöngustofa ætti aldrei að láta slíkt líðast í sinni návist.